

Hestamannafélagið Skuggi

Aðalfundur 9. mars 2010 – fundargerð

1. Setning.

Formaður félagsins, Stefán Logi Haraldsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Vænti hann þess að umræður verði málefnalegar og gagnlegar fyrir starfið. Bað hann fundarmenn að rísa úr sætum og minntist tveggja látinna félaga, voru það þeir Kristján Eypórsson og Sverrir Markússon.

Bar formaður því næst upp tillögu um fundarstjóra, Inga Tryggvason. Var sú tillaga samþykkt. Eins bar hann upp tillögu um að Kristján Gíslason riti fundargerð. Var það einnig samþykkt. Ingi Tryggvason tók því næst til við stjórn fundarins og var gengið til auglýstrar dagskrár.

2. Fundargerð síðasta aðalfundar.

Stefán Logi form. las fundargerð síðasta aðalfundar í forföllum Helga Helgasonar. Fundarstjóri kallaði eftir athugasemdum sem engar bárust og telst hún því samþykkt.

3. Skýrsla stjórnar.

Stefán Logi formaður félagsins flutti yfirgripsmikla skýrslu stjórnar.

„Starfsemi Hmf. Skugga á starfsárinu hefur verið nokkuð líflæg og um margt með hefðbundnu sniði. Í upphafi starfsársins skipti stjórnin með sér verkum og fór yfir verkefni framundan og skiptu stjórnarmenn með sér eftirliti og tengingum við nefndir félagsins og fóru yfir áhersluatriði og verkefni þeirra framundan á starfsárinu. Reynt var þannig að tryggja gott samstarf milli stjórnar og nefnda, í þeim tilgangi að efla starfsemi og virkni nefnda.

Stjórnin hefur á starfsárinu haldið 11 bókaða stjórnarfundum, auk allmargra óformlegra funda með nefndum félagsins, byggingar- og rekstrarnefndum reiðhalla, stjórnnum annarra hestamannafélaga á Vesturlandi, starfsmönnum sveitarfélagsins og fleiri aðilum er tengjast starfseminni.

Beitarmál voru með hefðbundnu sniði og ásókn félagsmanna í hagabeit jókst nokkuð frá síðasta ári. Enn hefur verið hægt að verða við öllum óskum um hagabeit félagsmanna og verður það vonandi hægt um næstu framtíð, en eins og félagsmenn vita þá var gengið frá nýjum beitarsamningi við sveitarfélagið á árinu 2008, þar sem beitarúrræði voru aukin, en leigutími þessa samnings er til loka árs 2012. Enn er eftir að ganga frá leigusamningi um beitarland í landi Holts og orðið brýnt að ganga til þeirra samninga við Þroskahjálp á Vesturlandi, en möguleikar okkar til beitarlands þar eru góðir.

Beitarnefnd félagsins hefur það hlutverk með höndum að framfylgja leigusamningum okkar og endurleigja til okkar félagsmanna, gegn okkar gjaldskrá.

Mótahald s.l. sumar var ekki alveg í samræmi við áætlanir og féllu niður einhver af þeim mótum sem stefnt var að innan félagsins. Fjórðungsmót Vesturlands var haldið á Kaldármelum í byrjun júlí og stóðu hestamannafélögin á Vesturlandi sameiginlega að því móti, sem var allt hið glæsilegast og félögum til

mikils sóma. Til Fjórðungsmótsins var einnig boðið hestamönnum í Húnavatnssýslum og Skagafirði og var þátttaka þaðan mjög góð og mótinu mikil lyftistöng. Góð afkoma varð af Fjórðungsmótinu á Kaldármelum og hagnaður mótsins nálægt hálfri milljón á félag, sem er þokkalegt endurgjald fyrir það mikla sjálfboðaliðastarf sem félögin lögðu til mótahaldsins.

Tilkoma reiðhallarinnar kemur vafalaust til með að lyfta verulega undir áhuga okkar félagsmanna á þátttöku í hestamannamótum framtíðarinnar og má glögg sjá aukinn áhuga og kjark félagsmanna til keppni í nýhafinni mótarið/vetrarleikum sem Skuggi og Faxi hafa sameinast um að halda í höllinni nú í febrúar – apríl. Er hér um fjögur mót að ræða, þar sem keppt er í stigakeppni og liðakeppni. KB Búrekstrardeild er styrktaraðili mótsins, með myndarlegum styrk uppá 160 þúsund fyrir mótin fjögur og kunnum við Kaupfélaginu bestu þakkir fyrir þennan myndarlega stuðning.

Barna- og unglínganefnd starfaði af miklum krafti á árinu og stóð fyrir mörgum viðburðum og uppákomum. Farnir voru tveir fjölskyldureiðtúrar, þar sem þátttaka var góð og boðið var uppá veitingar í Félagshöfðinu að reiðtúrum loknum. Þá voru haldin námskeið fyrir börn og unglíngi í maí s.l., þar þar sem Sigrún K. Halldórsdóttir og Birna Tryggvadóttir voru með leiðsögn og kennslu. Komið var á Knapamerkjánámskeiði fyrir unglíngi og ungmenni í samstarfi við Grunnskólann í Borgarnesi og hófst það námskeið í nóvember s.l. og mun standa fram í maí. Nánari grein verður gerð fyrir starfsemi nefndarinnar hér síðar á fundinum. Það er þó ekki hægt annað en að þakka Sigrúnu K. Halldórsdóttur og hennar nefndarmönnum sérstaklega fyrir líflegt og gott starf þeirra, sem vafalaust sáir mikilvægum fræjum fyrir félagsstarf okkar um ókomna framtíð, því gott starf fyrir unga fólkið okkar skilar sér í öflugum og áhugasömum félögum í framtíðinni.

Umhverfismálin hafa ávallt verið töluvert til umræðu hjá stjórn félagsins á starfsárinu, sem og áður fyrr. Það er samdóma álit okkar í stjórn Skugga að í þeim málaflokki eigum við ávallt að vera á varðbergi til að hesthúsahverfið og svæðið okkar allt sé okkur til sóma. Í sumar var hafist handa við að gera nýtt rúllustæði vestan við Selás, í hvarfi frá húsum og reiðvegi, en þar höfum við notið velvilja verktakafyrirtækisins Ístaks sem hefur útvegað okkur efni sem þeir hafa þurft að keyra úr gatna- og holræsaframkvæmdum hér í Borgarnesi, til hagsbóta fyrir báða aðila.

Stjórn Skugga og Umhverfisnefndin hafa gengið frá drögum að samþykkt um umgengnisreglur í hesthúsahverfinu í Borgarnesi og sent þær til umfjöllunar viðeigandi nefnda á vegum sveitarfélagsins. Umhverfis- og landbúnaðarnefnd Borgarbyggðar hefur tekið þessi drög til umfjöllunar og gert tillögur um smávægilegar breytingar, sem stjórnin hefur fjallað um og afgreitt. Því ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að þessi reglulegð verði samþykkt og frágengin af hálfu sveitarfélagsins innan skamms. Reglugerð þessa má finna á heimasíðu félagsins. Félagsmenn eru hvattir til að kynna sér þessar samþykktir og virða þær, en gert er ráð fyrir að aðlögunartími fyrir viss ákvæði reglugerðarinnar verði til loka næsta árs.

Reiðvegamála hafa einnig verið töluvert í deiglunni á starfsárinu og hefur reiðveganefnd lagt talsverða vinnu í viðhald og lagfæringar á reiðvegum okkar, við þessa vinnu hafa nefndarmenn og fleiri lagt fram mikla sjálfboðavinnu og tæki, sem meta má til töluverðra upphæða og ber að þakka það framtak af heilum hug. Lagfæringar voru gerðar á reiðgötu yfir ræsi hjá Skjólbrekku, með það að markmiði að koma í veg fyrir að riðið væri eftir þjóðveginum, frá heimreiðinni að Skjólbrekku að Stangarholtsveginum, þá var borið ofan í gamla leið neðan tvískiptrar hæðar á Stangarholtsveginum. Feðgarnir í Skjólbrekku lögðu þessu verkefni lið sitt og eru þeim færðar þakkir fyrir. Þá var ráðist í nýjan reiðveg upp í land Holts,

sem vonir standa til að verði hluti reiðleiðarinnar upp á Gufuárveg, í framtíðinni. Þá ber að lokum að geta þess að á árinu var sett upp girðing með reiðveginum upp að Hamarslandi. Reiðvegamálin á þessu svæði okkar eru mjög mikilvægur málaflokkur, sem nýtist öllum félagsmönnum Skugga, ásamt öðrum sem leið eiga um þetta svæði ríðandi og er verkefnalisti þeirra í reiðveganefnd því óþrjótandi og einungis fjármagn sem hamlar framvindu þessarar verkefna.

Í tengslum við reiðvegamálin er rétt að geta þess að í febrúar s.l. var ráðist í að gera ræsi og stíg á milli vallarsvæðisins og reiðhallarinnar, til að tengja þessi mannvirki okkar saman. Vil ég í því sambandi þakka sérstaklega Halldóri Sigurðssyni sem dreif þá framkvæmd af og eins færi ég þakki til Reynis Magnússonar sem útvegaði okkur rör í ræsin, okkur að kostnaðarlausu.

Skemmtinefnd félagsins stóð, í samstarfi við félag okkar í Faxa, að miklum fjáröflunardansleik í reiðhöllinni þann 01. maí s.l. og rann ágóði þessarar skemmtunar allur til hlutfjártaukningar í reiðhöllinni Vindási, en ágóðinn af dansleiknum var um hálf milljón í heildina.

Rafmagnsnefnd hefur að vanda sinnt vel sínum venjubundna starfa fyrir félagið, en auk almenns viðhalds hefur nefndin staðið fyrir framkvæmdum við aukna götulýsingu í hesthúsahverfinu, þar sem götulýsing hefur verið sett upp í efra hverfinu (Selás) og er því verki vonandi að ljúka á næstunni. Einnig var komið fyrir lýsingu á reiðstígum á milli hverfa.

Ferðanefnd stóð fyrir nokkrum ferðaviðburðum á árinu, svo sem Rauðanesreið á föstudaginn langa, ásamt síðsumarferð í Dalina í ágúst s.l. Einhverju gleymi ég sjálfsagt í upptalningu viðburða nefndarinnar og annara nefnda hér, enda ekki ætlun mín að telja upp alla viðburði, heldur stikla á stóru, þar sem nefndirnar sjálfar geta betur gert grein fyrir sínu starfi.

Reiðhöllin Vindási var tekin í notkun síðasta vor, eftir þrotlausa vinnu starfsmanna hallarinnar, þeirra Gaua Gulla og Grettis Barkar, ásamt einvala liði sjálfboðaliða úr félaginu og annarra sem að höllinni standa. Skráðar vinnustundir Skugga-félaga voru um 1.000 manntímar og um 100 vélatímar, en ég er þess fullviss að þessi tala er í raun mun hærrí þar sem klárlega hefur láðst að skrá töluvert af vinnustundum okkar Skugga-félaga. Það er því ljóst að okkar félagsmenn hafa lagt mikið að mörkum við uppbyggingu þessa mannvirkis og mun meira en aðrir sem þar komu að. Vil ég því nota tækifærið hér enn og aftur og færa öllum viðkomandi hjartans þakki fyrir þeirra framlög við reiðhöllina, hvort heldur hefur verið í vinnuframlagi, afnotum af vélum og tækjum eða með beinum fjárframlögum. Kristján Gíslason hefur staðið í brúnni við uppbyggingu hallarinnar, sem formaður stjórnar, en hann lét af þeim starfa s.l. haust, eftir að vera búinn að sjá þennan langþráða draum um uppbyggingu reiðhallar í Borgarnesi rætast að mestu, þó enn sé nú eftir að ganga frá hesthúsinu og fjármögnun verkefnisins, en verið er að vinna í þeim málum nú við erfiðar aðstæður. Bjarni Johansen er fulltrúi Skugga í Reiðhöllinni Vindási ehf. Kristjáni eru færðar sérstakar þakki fyrir hans vinnu og framlag í þessu stórverkefni okkar.

Rekstarfélagið Selás ehf. var á árinu stofnað af Skugga og Faxa og er tilgangur þess félags að sjá um rekstur reiðhallarinnar, halda utan um fjármál og skipulag starfseminnar í höllinni. Fyrir okkar hönd hafa valist þeir Ámundi Sigurðsson og Ingi Tryggvason í stjórn rekstrarfélagsins og hefur nú þegar mikil vinna verið innt af hendi af þeim félögum sem þakka ber fyrir. Ljóst er að óvissa er nokkur um árangur þessa rekstrarfélags og fjárhagslegs öryggi og því hvet ég alla félagsmenn til að hafa sívakandi augu fyrir

mögulegum viðburðum og láta þá félagi í rekstrarnefndinni vita, auk þess sem við félagsmenn þurfum að vera dugleg að nota mannvirkið til að liðka og þjálfa okkar gæðinga, til þess þurfum við að kaupa okkur mánaðarkort eða árskort í höllinni og tryggja þar með rekstraröryggið að einhverju leyti.

Stjórnin hefur, á starfsárinu, gefið út tvö fréttabréf og dreift til félagsmanna sinna. Hefðu þessi fréttabréf gjarnan mátt vera fleiri, en á móti hefur upplýsingastreymi til félagsmanna batnað til mikilla muna með tilkomu nýrrar heimasíðu í byrjun þessa árs, sem verið hefur algjör bylting og er þar framlagi umsjónarmanns Kristjáns Gíslasonar mest að þakka. Heimasíðan nýja leysti af hólmi gömlu heimasíðuna sem komið var upp fyrir um tveimur árum, en því miður tókst okkur ekki að nýta hana sem skildi þá og var þar ýmsu um að kenna sem óþarfi er að fjölyrða um nú. Mikill metnaður er nú lagður í uppfærslu og upplýsingagildi nýrrar heimasíðu og hvet ég alla félagsmenn til að nýta sér þennan miðil mjög reglulega og láta gjarnan í sér heyra þegar einhverju þarf að koma til skila, sem erindi á til félaganna og annarra hestaá hugamanna. Einnig hefur verið reynt að koma upplýsingum um málefni og viðburði sem tengjast okkar starfsemi, jafnt og aðsend erindi, til félagsmanna með útsendingu á netfangalista félagsins, en því miður eru ennþá um 30 félagar sem ekki hafa, eða ekki hafa gefið upp, netföng og verða því útundan í þessum póstsendingum og er það miður.

Sá gleðilegi atburður varð í starfsemi félagsins að á s.l. hausti tóku nokkrar konur í Hmf. Skugga sig saman og stofnuðu sérstaka kvennadeild, sem ber nafnið „Skuggadísir“ og var það framtak mikið ánægjuefni fyrir okkur í stjórn Skugga og samþykki okkar auðsótt. Stofnfundur kvennadeildarinnar var haldinn í október s.l. og var áhugi fyrir stofnun deildarinnar strax mjög mikill meðal kvenna í félaginu, jafnt og kvenna utan félagsins, en félagsaðild að Skugga var gert að skilyrði fyrir aðild í kvennadeildinni og þurfa konurnar að hafa náð 16 ára aldri. Kvennadeildin er hugsuð til að efla konur í hestamenskunni og mynda skemmtilegan félagsskap. Samkvæmt síðustu upplýsingum sem ég hef eru um 50 konur nú skráðar í deildina og hafa margar þeirra gerst nýir félagar í Skugga og ein helsta skýringin á mikilli aukningu félagsmanna, frá síðasta aðalfundi.

Ég hef nú stiklað á stóru í starfi félagsins á umliðnu starfsári og reynt að koma við í sem flestum málaflokkum félagsins, en eflaust hefur mér ljáðst að minnast einhvers sem gerst hefur hjá okkur og vafalaust gleymt mörgu sem betur hefði mátt fara hjá okkur í stjórn Skugga. Ég treysti því að þið félagsmenn góðir fylgist vel með störfum okkar í félaginu og séuð vakandi í að láta okkur vita um það sem gera má betur í félagsstarfinu. Við í stjórninni erum að sjálfsögðu ekki hafin yfir gagnrýni og tökum því fegins hendi að fá ábendingar og tillögur frá félagsmönnum okkar.

Það er mat þess sem hér talar að starfið í félaginu sé líflegt og gott og mikill einhugur okkar geti gert starfið ennþá innihaldsríkara fyrir alla félagsmenn okkar. Breyttir tímar í efnahagsumhverfinu í landinu gefa okkur tilefni til að þétta raðirnar og efla samhug í félagsstarfi, sjálfboðavinnu og samveru. Hestamennskan er göfug og gefandi, samvera fólks og okkar tryggu vina hestanna.

Ég vil að endingu þakka félagsmönnum fyrir samstarfið á árinu, sem hefur verið mér afar ánægjulegt. Mér finnst formennska í þessu félagi skemmtilegt en nokkuð krefjandi og tímafrekt starf á köflum, þó vissulega léttir mikið á mér að hafa við hlið mér úrvallssveit af góðu fólki í stjórn og nefndum félagsins. Ég hafði sjálfur ekki ætlað mér að sitja lengi í þessum formannsstól, þar sem margir félagsmenn gætu vafalaust sinnt þessu starfi mun betur en ég, en eftir nokkra umhugsun hef ég þó ákveðið að gefa kost á mér til þessara starfa áfram, ef þið félagarnir hafið áhuga á því.

Ég vil nú nota tækifærið og þakka sérstaklega þeir fjölmörgu félagsmönnum sem starfað hafa í nefndum félagsins og á öðrum vettvangi fyrir félagið.

Að endingu vil ég færa meðstjórnarmönnum mínum góðar þakkir fyrir samstarfið á starfsárinu, en þetta hefur verið einvala lið í stjórninni og samstarfið við þau að mínu mati verið frábært, hvaða sögu sem þau hafa nú að segja af samstarfinu við mig.

Það er mér sannur heiður að vinna með þessu dugnaðarfólki og flyt ég sérstakar þakkir til Halldórs Sigurðssonar og Guðbjargar Ásmundsdóttur, sem hafa óskað eftir að láta af stjórnarsetu, í bili, en hinum vonast ég til að fá að starfa áfram með, vilji svo ólíklega til að þið gefið mér umboð til þess.“

Fundarstjóri þakkaði Stefáni fyrir skýrsluna og gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs og var því gengið til næsta dagskrárliðar.

4. Reikningar.

Arnar Már Gíslason gjaldkeri félagsins tók til máls og las upp reikninga félagsins fyrir starfsárið 2009 og skýrði þá. Enn fremur var reikningum dreift til fundarmanna. Voru þeir áritaðir af skoðunarmönnum, þeim Inga Tryggvasyni og Helgu Þorsteinsdóttir ásamt gjaldkera. Tekjur ársins 2009 voru kr.5.151.298.- og gjöld kr. 3.862618.-. Tekjur umfram gjöld því kr. 1.288.680.- Eignir félagsins í árslok voru kr. 29.311.946.- Gjaldkeri skýrði fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 sem einnig var dreift til fundarmanna. Er hérna um nýbreytni að ræða frá fyrri árum. Gjaldkeri gat þess sérstaklega að vel hefði gengið að innheimta félags – og beitargjöld.

Fundarstjóri gaf orðið laust undir þessum lið en enginn kvaddi sér hljóðs.

5. Skýrslur nefnda.

Stefán Logi flutti skýrslu æskulýðsnefndar. Mikið starf hefur verið unnið – margvísleg námskeið og fræðsla hefur verið í boði.

Guðmundur Arason gerði grein fyrir störfum rafmagnsnefndar. Halli er á rekstrinum á þessu ári um rúmlega 21 þús. Eignir rúmlega 2 millj. Til að flýta framkvæmdum var Borgarbyggð lánað tæplega 1800 þús. Innheimta gengur allvel. Guðmundur hvetur til þess að rúlluplan verði stækkað enn frekar en nú er. Hann taldi að hægt sé að sækja í styrkvegasjóð til framkvæmda. Hvetur hann til samninga við Borgarbyggð um framkvæmdir sem styrkhæfar eru og koma hestamönnum vel.

Marteinn Valdimarsson gerði grein fyrir störfum reiðveganefndar á s.l. ári. Vísað er til skýrslu stjórnar. Allar áætlanir hafa verið endurskoðaðar sem tengjast reiðvegagerð hér í nágrenninu. Er kostnaðaráætlun um 40 millj. ef takast á að ljúka því sem hugur stendur til, en þar er um 12 km. að ræða. Vegur er kominn áleiðis upp í Holtsland. Búið að gera verulegar endurbætur í kringum Skjólbrekku og þarf nú ekki lengur að fara um Þjóðveg. Benedikt Línal gerði grein fyrir þeim verkefnum sem framundan eru. Ljúka þarf veginum upp að Lækjarkoti. Hluti framkvæmda

bíður sumars. Síðan er ætlunin að fara upp með Gufuá. Skoða þarf veg niður með Háfslæk og tengjast þannig vegi með Snæfellsnesvegi.

Bjarni Johansen gerði grein fyrir þeim reglum er gilda um fjárveitingar til reiðvega. Hvatti hann til að sótt væri í sérstakan sjóð hjá vegamálastjóra sem ætlaður er til sérverkefna er tengjast öryggi. Hann taldi að styrkvegafé væri tæpast til reiðvega.

Ekki komu fram fleiri skýrslur nefnda.

Fundarstjóri bar nú upp reikninga félagsins til samþykktar eða synjunar. Voru reikningar félagsins fyrir árið 2009 samþykktir samhljóða.

6. Inntaka nýrra félaga

Stefán Logi bar upp nöfn þeirra sem gengið hafa í félagið frá síðasta aðalfundi. Er hér um 52 nýja félaga að ræða. (sjá fylgiskjal)

Fundarmenn buðu þessa nýju félaga velkomna með lófataki.

Úrsagnir úr félaginu voru 12. (sjá fylgiskjal) og tveir hafa látist á árinu. Fjölgun því um 38 félaga milli starfsára.

7. Lagabreytingar

Engin tillaga lá frammi um lagabreytingar g var því næsti liður tekinn fyrir.

8. Kosning stjórnar, varastjórnar, skoðunarmanna, nefnda og fulltrúa á LH og UMSB þing

Stefán Logi gerði grein fyrir störfum uppstillingarnefndar en stjórn var falið það hlutverk á síðasta fundi.

Stjórn:

Stefán Logi Haraldsson, formaður	Kjörinn til 1 árs
Marteinn Valdimarsson	Kjörinn til <u>2ja ára</u>
Arnar Már Gíslason	Kjörinn til <u>1 árs</u>
Margrét Grétarsdóttir	Kjörin til 1 árs
Helga Björk Þorsteinsdóttir	Kjörin til <u>2ja ára</u>

Varastjórn:

Sæmundur Jónsson	Kjörinn til 1 árs
Guðrún Ásta Völundardóttir	Kjörin til 2ja ára

Skoðunarmenn reikninga:

Ingi Tryggvason

Bernhard Þór Bernhardsson

Nefndir.**Æskulýðs- og fræðslunefnd: (5 manna)**

Auður Ásta Þorsteinsdóttir, form.

Halldóra Jónasdóttir

Monika Kimpfler

Ásberg Jónsson

Rúnar Karl Jónsson

Móta- og vallarnefnd: (7 manna)

Þór Fannberg Gunnarsson, form.

Reynir Magnússon

Pálmi Þór Sævarsson

Pétur Sumarliðason

Svanhildur Svansdóttir

Sigvaldi Jónasson

Aðalheiður Pálsdóttir

Ferðanefnd: (5 manna)

María R. Eypórsdóttir, form.

Þorsteinn Eypórsson

Magnús Ólafsson

Guðrún Þorsteinsdóttir

Kristján Þ. Gíslason

Skemmtinefnd: (5 manna)

Jökull Helgason, form.

Sigurður Arilíusson

Ragnheiður S. Hjörleifsdóttir

Steinunn Árnadóttir

Hanna Sigríður Kjartansdóttir

Firmanefnd: (5 manna)

Bragi Þór Svavarsson, form.

Jenný Lind Egilsdóttir

María Erla Geirsdóttir

Sveinn Harðarson

Kristín Jónsdóttir

Umhverfisnefnd: (5 manna)

Jón Kristinn Kristjánsson, form.

Júlíus Jónsson

Guðmundur Árnason

Sigmundur Halldórsson

Sigurður Oddsson

Reiðveganefnd: (5 manna)

Benedikt Línadal, form.

Marteinn Valdimarsson
Kristján Finnur Kristjánsson
Bjarni H. Johansen
Guðmundur Guðsteinsson

Húsnefnd Félagsheimilis: (5 manna)

Arnar Már Gíslason, form.
Bjarni Guðjónsson
Guðjón Guðlaugsson
Guðjón Árnason
Sigurbjörg Sigmundsdóttir

Rafmagnsnefnd: (3 manna)

Rúnar Karl Jónsson, form.
Lilja Ósk Ólafsdóttir
Guðmundur A. Arason

Beitarnefnd: (5 manna)

Ólafur Þorgeirsson, form.
Andrés Jóhannsson
Sævar Þórisson
Sigurður Örn Sigurðsson
Sæmundur Jónsson

Laganefnd: (3 manna)

Stefán Logi Haraldsson, form.
Guðmundur A. Arason
Jón Þór Jónasson

Kynbótanefnd: (5 manna)

Halldór Sigurðsson, form.
Óskar Sverrisson
Jökull Helgason
Þór Fannberg Gunnarsson
Pálmi Sævarsson

Uppstillingarnefnd:

Stjórn Skugga.

Fulltrúar á landsþing LH

Stefán Logi Haraldsson
Marteinn Valdimarsson
Margrét Grétarsdóttir
Arnar M. Gíslason

Til vara:

Kristján Þ. Gíslason
Halldór Sigurðsson
Helga Björk Þorsteinsdóttir
Sæmundur Jónsson

Fulltrúar á UMSB þing:

Stjórn Skugga velji fulltrúa á þingið

Allar tillögur uppstillingarnefndar samþykktar með lófataki.

Ennfremur var samþykkt að stjórn tilnefni í stjórnir þeirra tveggja félaga sem Skuggi er eigandi að og tengjast Faxaborg.

9. Félags- og hagagjöld ákveðin

Arnar Már gerði grein fyrir tillögu stjórnar að árgjaldi – er gerð tillaga um óbreytt árgjald.

„Aðalfundur Hestamannafélagsins Skugga, haldinn 9 mars 2010, samþykkir að árgjöld verði óbreytt frá síðasta aðalfundi og verði því:

Fullorðnir kr. 5.000,-

Makagjald kr. 2.500,-

Unglingar 13-16 ára kr. 2.000,-

Börn 12 ára og yngri Frítt

Greinargerð:

Innheimta árgjalda hefur gengið vel og telur stjórnin ekki ástæðu til að hækka árgjaldið að þessu sinni, þrátt fyrir að árgjald hafi einnig verið samþykkt óbreytt á síðasta aðalfundi. Fjárhagur félagsins er nokkuð góður um þessar mundir og árferði þannig að engin ástæða þykir til að auka álögur á félagsmenn í formi hækkandi félagsgjalda.“

Ennfremur bar hann upp tillögu um að hagabeit árið 2010 verði óbreytt frá 2009.

„Aðalfundur Hestamannafélagsins Skugga, haldinn 9 mars 2010, samþykkir að hagagjöld verði óbreytt frá síðasta aðalfundi og verði því:

Sumarheit kr. 2.040,- fyrir hestinn

Haustbeit kr. 1.440,- fyrir hestinn

Heilsársbeit kr. 3.000,- fyrir hestinn

Greinargerð:

Innheimta á hagabeit hefur gengið vel og telur stjórnin ekki ástæðu til að hækka gjaldið að þessu sinni. Gert er ráð fyrir að við nýjar girðingar útvegi félagið efni, en leigutakar sjái sjálfir um endurbætur og viðhald á sinum girðingum. Einnig skulu leigutakar sjá um áburðargjöf í úthlutuðum hólfum.“

Fundarstjóri bar upp tillögu um árgjald – samþykkt samhljóða. Síðan bar hann upp til afgreiðslu tillögu um hagagjöld og var hún samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust um önnur mál. Til máls tók Stefán Logi og flutti tillögu stjórnar um heimild til handa stjórn um að ganga til sameiningarviðræðna við Hmf. Faxa. Hmf. Faxi hefur þegar samþykkt þessa tillögu á sínum aðalfundi. Tillaga var send út með fundarboði og hafa fundarmenn því haft tíma til að skoða hana.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Ámundi Sig. taldi að fara ætti varlega í þessi mál og skoða þetta vandlega, hætta væri á því að margir sæju sér ekki hag í því að vera í hestamannafélagi eftir sameiningu. Þorsteinn Eypórsson taldi það sjálfsagt að samþykkja tillöguna. Bernhard Bernhardsson taldi rétt að skoða þetta og væri sameining eðlileg. Hann taldi tilkomu reiðhalla gerbreyta öllum forsendum. Guðni Halldórsson tók til máls og var sammála tillögunni. Marteinn Valdimarsson tók til máls ræddi efni tillögunnar. Minnti á að hann hefði áður flutt tillögu þessa efnis. Að ýmsu er þó að hyggja í þessu sambandi og mikil heimavinna eftir áður en til sameiningar kemur. Mælti hann með samþykkt tillögunnar. Halldór Sigurðsson mælti með því að tillagan væri samþykkt en margt þyrfti að skoða. Ámundi tók aftur til máls og sagði frá samstarfinu í fjórðungsmótsnefnd. Þar hefðu Skuggamenn staðið sig vel í vinnu og því mætti ekki sundra félagsskapnum. Benedikt Línadal var sammála því að starfið í Skugga væri gott og starfið snerist ekki eingöngu um keppni. Lagði hann áherslu á að málið yrði vel undirbúið.

Fundarstjóri bar þessu næst upp tillöguna eins og hún liggur fyrir. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Stefán Logi áréttaði það að Íslenska Gámafélagið hefði komið fyrir ruslagámum í hesthúsaferfinu. Mikilvægt er að í rúlluplastgáminn verði einvörðungu sett plast. Formaður sagði frá væntanlegu landsmóti í Skagafirði og umræðum um landsmót í Reykjavík. Hefur sú ákvörðun vakið mikla úlfúð hestamanna og skrifaði stjórn Skugga undir áskorun þess efnis að ákvörðun um landsmót í Reykjavík verði endurskoðuð.

Benedikt Línadal óskaði öllum til hamingju með nafnið á reiðhöllinni. Ræddi hann einnig nokkur atriði sem skoða þarf. Taka þarf til í hesthúsinu og ganga þannig frá að hægt sé að tylla hestum svo öruggt er. Auka þarf loftræstingu í húsinu vegna raka í húsinu. Ennfremur spurði hann um það hvers vegna ekki kom tilnefning til íþróttamanns Borgarbyggðar. Marteinn vakti athygli á umgengnisreglum sem í hverfinu eiga að gilda. Stefán Logi svaraði spurningu Benedikts um skort á tilnefningu til íþróttamanna Borgarbyggðar. Stjórn fannst ekki tilefni til þess að þessu sinni. Skýrði hann þær breytingar sem gerðar hafa verið á umgengnisreglum varðandi hundahald en sömu reglur gilda í hesthúsaferfinu og gilda almennt í þéttbýli í Borgarbyggð. Benedikt þakkaði skýringuna en taldi hana alveg fráleita. Halldór Sig. taldi að fáir hefðu náð einhverjum þeim árangri sem væri þess eðlis að réttlætti tilnefningu.

Ingi Tryggvason sagði frá rekstri reiðhallaarinnar og sagði að hann væri erfiður. Fram kom að svipaðar reiðhallir eru myndarlega styrktar af viðkomandi sveitarfélögum. Á eigendafélaginu hvíldu töluverðar upphæðir. Borgarbyggð á eftir að greiða byggingarframlag í tvö ár.

Fundarstjóri gaf að endingu Stefáni Loga orðið sem þakkaði góðan fund, þakkaði starfsmönnum fundarins þeirra störf, þakkaði fundarmönnum góða fundarsetu og sagði fundi slitið.